

Kæru félagar á Stefnufundi

Samkvæmt rannsóknnum, sem nýlega var sagt frá, líða börn líkamlegan og félagslegan skort í okkar góða landi, eins og reyndar í öllum þeim löndum sem við berum okkur mest saman við.

Í dag eru stríðsátök í Mið-austurlöndum, Afríku, Asíu og Evrópu þar sem alþýða heims berst á banaspjót fyrir auðvald og ýmsa herstjóra valdsins.

Af hverju er þetta svona? Mitt svar er af því stétt alþýðu hefur ekki náð að standa nógu vel saman gegn auðvaldsstéttinni, sem deilir og drottnar.

!. maí er baráttudagur verkalýðsins. Í 125 ár hefur verkalýðsstéttin vítt um heim snúið bókum saman á þessum degi í baráttu fyrir lífi og hagsmunum hinna snauðu. Á þessum degi höfum við lagt sameiginlega á ráðin um baráttuna framundan. Í vissum skilningi hefur þetta alltaf verið hátíðisdagur verkalýðsins, dagurinn sem verkalýðurinn reis upp frá daglegu striti og fagnaði eigin samstöðu og skynjaði sig sem stétt í lífsbaráttunni.

En í kvöld lýkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einíngarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Þennan byltingaróð Halldórs Laxness syngjum við öll, líka börnin í leikskólunum.

Á þessum degi erum við öll verkalýður og horfum til sögu sem við erum stolt af, þrátt fyrir að okkur hafi stundum borið af leið.

Fyrsti maí var gerður að baráttudegi verkalýðs 1889. Þetta var á hundrað ára afmæli bastilludagsins 1789, þegar alþýða Parísar braust inn í bastilluna í upphafi frönsku byltingarinnar og hleypti út föngum sem höfðu efast um almætti kónga og aðals. Alþýðan hafði risið upp gegn ólýðandi kjörum og aðstæðum lénsveldisins. Ný uppvaxandi stétt, borgarastéttin-auðvaldstéttin, náði frumkvæði í baráttunni við lénsveldið, og byltingin var afvegaleidd á næstu árum upp í harðstjórn hinnar nýju stéttar, sem bitnaði harðast á þeirri alþýðu sem hóf uppreisnina.

Hugmyndafræðileg barátta margra verkalýðssinna 19. aldarinnar, Karls Marx og fleiri, var til að skapa hinum kúguðu vitund um sjálfa sig sem stétt, sem þyrfti stöðugt að standa sameinuð í baráttunni gegn auðvaldstéttinni. Slík vitund var mikilvæg til að koma í veg fyrir að barátta alþýðu og uppreisnir mundu afvegaleiðast, til að koma í veg fyrir að þær yrðu aftur beislaðar fyrir vagn hinnar nýju valdstéttar.

Parísarkommúnan svokallaða, 1871, næstum heilli öld eftir Bastilludaginn, var miklu meðvitaðri gegn kúgandi hrammi uppvoxandi auðvaldsstéttar. Hún lagði áherslu á beint og samfellt lýðræði og á að leiðrétta kjör hinna fátæku, launakjör sem önnur kjör. Herir auðvaldsins brutu Parísarkommúnuna á bak aftur eftir aðeins tvo mánuði, en samt jók hún alþýðu heimsins trú á sjálfa sig, að hún gæti sjálf ráðið sínum kjörum og sínu lífi. Stéttarbarátta verkalýðs efldist mjög þegar leið á 19. öldina og frá 1889 hefur 1. maí verið dagur samstöðu hans í baráttu við auðvaldið.

Andstæðingar stéttarbaráttu verkalýðsins hafa alltaf sagt að baráttan borgi sig ekki, verkalýðurinn muni fá það sem honum beri, þegar framleiðslan stendur undir því. Reynsla auðvaldskerfisins segir hins vegar allt annað. Það sem græðist umfram það sem kapítalistinn er neyddur til að borga í laun er allt sett í fjárfestingar til að standast hina innri samkeppni milli kapítalista sjálfra, sett í útpenslu, því útpensla er nauðsynleg hinu kapítalíska hagkerfi. Það sem græðist fer svo áfram í útpenslu kapítalískra ríkja þar sem lífi alþýðu er fórnað til að drepa alþýðu annarra landa í staðbundnum stríðum eða heimsstríðum.

Eitthvert mikilvægasta framlag einingarbaráttu verkalýðsins var baráttan gegn stríði, baráttan gegn því að verkafólk láti spenna sig fyrir stríðsvagna herra sinna til að drepa verkalýð annarra landa, og fórna eigin lífi.

Fyrri heimsstyrjöldin 1914-1918 brast á af því friðarbarátta verkalýðsstéttarinnar lét undan frammi fyrir stéttasamvinnustefnunni, lét undan frammi fyrir því að samstaða með auðvaldi eigin lands væri æðri sameiginlegum hagsmunum verkalýðs allra landa. Síðari heimsstyrjöldin og önnur útpenslustríð heimsauðvaldsins eru afurð stéttasamvinnu á hæsta plani. Herrar auðvaldsins fara ekki í nein stríð sjálfir, þeir senda undirsáta sína í þau, og almenningi blæðir.

Auðvald heimsins með sínum stríðum og efnahagslegri kúgun er enn í sókn um allan heim. Verkalýðsbaráttan á okkar tímum er fyrst og fremst varnarbarátta, þótt einstakir sigrar hennar séu mikilvægir.

Á 1.maí getum við fagnað því að enn eru bornir fánar réttlætis og stéttarlegrar einingar alþýðustétta. Í kröfugöngum og fundum 1. maí eru varðveitt frjókorn okkar einingarbands, frjókorn vonar hinnar kúguðu stéttar, vonar hennar um framtíðarlandið.

Á síðustu 4 áratugum hefur baráttustefna verkalýðsstéttarinnar hér á landi verið að víkja fyrir stéttasamvinnustefnu. Niðurstaðan er aukinn launamunur. Árið 1976 lagði Stefán Jónsson fram tillögu á Alþingi um að engin laun á Íslandi mættu vera meira en tvöfold lægstu laun. Okkur róttæklingunum fannst þetta reyndar allt of mikill launamunur allt of mikil eftirgjöf gagnvart launastefnu atvinnurekenda. Tillaga Stefáns og umræðan um hana endurspeglar þá þróun til launamisréttis sem var komin á fullt á þessum tíma.

Hugmyndafræðingar auðvaldsstéttarinnar vilja miklu meiri launamun en þetta. Þeir vilja að lægstu laun og bætur séu sem allra lægst svo þeir hafi svigrúm fyrir hvetjandi launamun. Þess vegna lækka lægstu launin hlutfallslega nema verkalýðsstéttin taki á móti með öllum sínum þunga.

Á fjörutíu árum friðsamlegrar sambúðar verkalýðs og auðvalds, hefur launastefna auðvaldsins náð að festa rætur. Verkakona, verkamaður, öryrki, innflytjandi eða atvinnulaus sem þarf að búa við 200 þúsund í laun á mánuði, horfir upp á það að framkvæmdastjóri matvælakeðjunnar sem hann kaupir matinn af er jafnvel með 10 milljónir á mánuði, 50-föld lægstu laun.

Við heyrum lágvæðar neyðaróp frá þeim sem búa við aðstæður láglauanna, ekki bara um efnahagslega fátækt heldur um félagslega, heilbrigðislega og menningarlega útskúfun þeirra og barna þeirra. Þetta byggist á launastefnu atvinnurekenda, en erum við kannski sjálf farin að sætta okkur við hana?

Meðan verkalýðurinn barðist í verkföllum á 6. áratug síðustu aldar og alveg fram á 8. áratuginn, ekki síst undir forystu Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, voru laun mun jafnari en eftir að stéttasamvinnustefnan tók við.

Verkalýðsstéttin hefur klofnað með því að baráttu hennar hefur snúist upp í samanburð á launasköllum. Í vonleysi sínu um að yfirleitt sé hægt að bæta hag hinna lægst launuðu láta menn sér nægja að vera sjálfir vænlegum prósentum fyrir ofan þá. Þeir sem eru í neðstu þrepum launaskalans, hafa hvorki aðstæður né sjálfstraust til að rísa upp til að berjast nema með því einu að vinna þrælslega langan vinnutíma eða með því að leita eftir ölmusu.

Alþýða manna þarf að bregðast við sem stétt gegn þessu óréttlæti. Við þurfum að mála 1. maí enn þá skýrari litum stéttarbaráttunnar. Við þurfum að gera alla daga að baráttudögum fyrir réttlæti. Við eigum að hætta að gera kröfur út frá því hvað atvinnulífið telur sig þola. Við eigum að gera kröfur um laun sem við þolum. Þolum við að sum okkar þurfi að búa við laun sem eru langt undir því sem hægt er að lifa af? Verkalýðsstéttin má ekki sætta sig við slíkt og á að beita öllu afli gegn slíku.

Kannski er hver sjálfum sér næstur. Og þó við séum flest haldin slíkum breyskleika, minnumst þess samt að við viljum ekki að börnunum okkar bíði slík laun, eða aðrir nálægt okkur, eða við sjálf ef við verðum veik eða gömul. Við megum ekki láta okkur nægja að vera ánægð með okkar eigin kjör í augnablikinu, slíkar aðstæður gætu skapast í þjóðfélaginu að meira að segja það sem við köllum skikkanleg laun verði það ekki lengur. Þá er gott að eiga stéttarsamstöðu og sameiginlegan vilja til að geta sagt með krafti: Engin laun lægri en þau sem lifandi er af _ og ekkert atvinnuleysi.

En hvað skal taka til bragðs. Það dugir ekki að segja þetta er allt þessari verkalýðsforystu að kenna. Verkalýðsforystan er afurð ríkjandi hugmynda okkar sjálfra. Ef við ætlum að hefja gagnsókn gegn sókn auðvaldsins verðum við að vinna hina hugmyndalegu baráttu og sameina stéttina um þá baráttu sem er mikilvægust

um þessar mundir í okkar samfélagi, baráttuna fyrir afnámi launa sem ekki er lifandi af. Það þýðir ekki að þeir sem hafa meiri sóknarmöguleika haldi að sér höndum og neiti að taka þau laun sem þeim bjóðast. Alls ekki, en fyrsta krafan er sú sameiginlega fyrir alla, afnám þrælkunarlauna.

Árangursrík barátta fyrir jöfnuði allra manna, betra samfélagi og friði byggist á samstilltu átaki alþýðustétta. Á 1. maí og sem oftast þurfum við að bera fána slíkrar samstöðu, slíkrar baráttu og þroska í okkar röðum, bera frjókorn þeirrar framtíðar sem við berjumst fyrir.

Á áttunda áratug síðustu aldrar í kjölfar þess sem stundum er kallað 68 á Íslandi reisti Fylkingin á 1. maí, í samvinnu við marga verkalýðssinna, merki Rauðrar verkalýðseiningar gegn stéttasamvinnu. Undir þessum merkjum var þrammað í 11 ár aftast í 1. maí göngu verkalýðsfélaganna í Reykjavík og haldinn sérstakur útifundur í kjölfarið. Við sýndum samstöðu með verkalýðsfélögunum í kröfugöngu dagsins, en gengum svo lengra en þau. Eitthvað slíkt þarf að rísa aftur núna, barátta sem hefur slíka vitundarvakningu að markmiði, vitundarvakningu um hlutverk alþýðu manna í að breyta samfélaginu í átt að samfélagi sem þjónar þörfum manneskjunnar en ekki hagsmunum auðvaldskerfisins.

Og er ekki lag núna?

Mörgum fannst hrúnið 2008 vera hrún kapítalismans. Víst var þetta hrún þeirra ríkjandi hugmynda að kaldur markaðurinn og gróðasókn fárra væri grunnur allra framfara, efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra. Fjöldahreyfingin ruddi ríkisstjórn úr vegi. Starfshópar blómstruðu til að ræða um hvernig breyta skyldi samfélaginu til að svona rán yrðu ekki framin aftur. Nýir flokkar mynduðust og nýir komust á þing.

En það varð engin grundvallarbreyting á samfélaginu og virðingarverð barátta fyrir lýðræði og gagngerum lagfæringum á kerfinu hefur koðnað niður. Bankakerfið rís aftur í sömu mynd, ofurlaunin rísa, launamunur hæstu og lægstu launa er að ná því sama og hann var skömmu fyrir hrún, og í fréttum segir að aldrei hafa fleiri leitað til hjálparsamtaka vegna fátæktar sinnar en nú.

Það sem vantar er að stétt alþýðu rísi upp sameinuð og berjist fyrir grundvallarbreytingum á samfélaginu.

Ég sé fyrir mér að róttækir verkalýðssinnar reisi nú aftur vitundarbaráttu í anda Rauðrar verkalýðseiningar. Vitundarvakningu um baráttu fyrir launajöfnuði og að engin þurfi að búa við þrælakjör. Vitundarvakningu um baráttu fyrir samfélagi manneskjunnar, gegn samfélagi auðvaldshyggjunnar.

Ég sé fyrir mér að róttækir verkalýðssinnar reisi nú aftur starf og fræðslu meðal almennings til að greina rætur þess óréttlætis sem við sjáum allt í kringum okkur, en vitum ekki hvernig við eigum að bregðast við.

Ég sé fyrir mér samtök róttækra verkalýðssinna um slík markmið, samtök sem ná þvert gegnum núverandi flokka og flokksleysingja.

Internetið skapar okkur nýja möguleika til slíks vakningarstarfs.

Nú segið þið kannski, þú ert nú bara draumóramaður, og ég svara eins og John Lennon forðum tíð, en ég er ekki sá eini. Fyrir nokkrum dögum hafði fésbókarvinur minn úr Ölfusinu samband. Hún hafði lesið bókina mína Það skelfur. Svo skrifar hún: Elsku vinur eftir að hafa talað við sonarson minn, sem er að verða 16 ára, þá sé ég að það er að koma ný kynslóð sem mun taka allt aftur af auðvaldinu sem það hefur tekið frá þjóðinni. Þau þurfa bara nokkur ár til þess að þroskast meira.

Og kannski er fleira að gerast sem ber vott um vilja til að efla stéttarbaráttuna. Undanfarið hefur Verslunarmannafélag Reykjavíkur verið að boða í auglýsingum sínum að 1. maí verði rauður í ár. Kannski verður hann enn rauðari næsta ár, vinnum að því.